

# VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum**

## Frá sóknarprestinum í Vík

Ég verð í námsleyfi frá 1. sept 2017 til 31. maí 2018.

Á meðan mun séra Skírnir Garðarsson þjóna sem sóknarprestur í Víkurprestakalli.

Vinsamlega leitið til hans með þjónustu þennan tíma.

Sími hans er: 823-8274 og netfang: [skirnir.gardarsson@kirkjan.is](mailto:skirnir.gardarsson@kirkjan.is).

Með kærri kveðju,  
Haraldur M. Kristjánsson

Haustið er komið

Haustið er komið handan yfir sæinn,  
hvarmaljós blárrar nætur dökkna af  
kviða  
og þungar slæður hylja hárið síða,  
hárbrimið gullna er lék sér frjálst við  
blæinn

og seiddi í leikinn sólskinsrjóðan  
daginn;  
nú sezt hann grár og stúrin upp til  
hlíða  
og veit að það er eftir engu að bíða,  
allt gengur kuldans myrka valdi í  
haginn.

Hann heyrir stráin fölna og falla, sér  
fuglana hverfa burt á vængjum þönd-  
um,

blómfræ af vindum borin suður höf,  
og brár hans lykjust aftur; austan fer  
annarleg nótt og dimm með sigð í  
höndum,  
með reidda sigð við rifin skýatröf.

*Höf: Snorri Hjartarson*

# Arion banki

**\* Vík og Kirkjubæjarklaustri \***

**Breyttur opnunartími í vetur**

Opnunartími afgreiðslustaða Arion banka í Vík og á Kirkjubæjarklaustri verður frá kl. 12.30 til kl. 16.00 frá og með 1. september.

Saman látum við góða hluti gerast!



## Skrifstofurými til leigu

Ca. 15 m<sup>2</sup> skrifstofurými er til leigu í Kötlusetri á 2. hæð. Innifalið í leigu eru húsgögn, afnot af sameign þ.m.t. internettenging og kaffiástaða. Laust til langtíma - og/eða skammtímaleigu. Leiguverð 32000 á mánuði.

Nánari upplýsingar veita:

Beata Rutkowska, [beata@vik.is](mailto:beata@vik.is) / [info@vik.is](mailto:info@vik.is), Sími: 8521395/4871395



## Ágætu íbúar Skaftárhrepps!

Við skulum ekki gleyma þrátt fyrir allt að þakka fyrir það sem gott er!

Dagana **26. október - 29. október 2017** verður í níunda sinn **Uppskeru- og þakkarhátíð í Skaftárhreppi.**

Setning hátíðarinnar verður á fimmtudeginum, á föstudegi verður vettvangur hátíðar Kirkjubæjarklaustur og á laugardegi og sunnudegi verður vettvangurinn Meðalland og Landbrot, með margskonar viðburðum, þakkar- og uppskerumessu og uppboði til styrktar góðu málefni í heimabyggð.

Bæði árin 2017 og 2018 verður áherslan lögð á Landbrotið og Meðallandið. Þið sem búið þar og viljið taka þátt, endilega látið okkur í Menningarmálanefnd vita. Þið öll sem búið í Skaftárhreppi takið þessa daga frá og látið vini og ættingja um allt land og öll lönd vita!

Menningarmálanefnd Skaftárhrepps.

Puríður Benediktsdóttir, [thb@ark.is](mailto:thb@ark.is), s. 893-2115

Sólveig Ólafsdóttir, [solveig@klaustur.is](mailto:solveig@klaustur.is), s. 869-8199

Ingólfur Hartvigsson, [ingolfh@gmail.com](mailto:ingolfh@gmail.com), s. 849-7549

Dýrlega er hún dregin

er hún dregin kringum víkina.

Ég hlýt að beygja mig:

þessi blágráa lína

er æðri og meiri

ásetningi þeim

að ekkert á þessari gönguför

skyldi glepja hugsun mína.

Og sæll gefst ég

sveigju þessarar línu

malar og sands

með sjávaröldunni fram.

*Hannes Pétursson*

## Skaftárhreppur



### Laust starf á skrifstofu Skaftárhrepps

Skaftárhreppur óskar eftir að ráða starfsmann í 60 % stöðu á skrifstofu sveitarfélagsins, um framtíðarstarf er að ræða.

#### Starfssvið:

- Skráning bókhalds, afstemmingar og útgáfa reikninga
- Símsvörun
- Skjalavarsla
- Almenn skrifstofustörf

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum, og til að tjá sig í ræðu og riti
- Stúdentspróf æskilegt

Laun samkvæmt kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri, á netfang:  
[sveitarstjori@klaustur.is](mailto:sveitarstjori@klaustur.is) eða í síma 487 4840.

Umsóknir skulu sendar á netfangið [sveitarstjori@klaustur.is](mailto:sveitarstjori@klaustur.is)  
eða á skrifstofu Skaftárhrepps.

## Vetrarfundur frjálsíþróttadeildar Umf.Kötlu

Vetrarfundur frjálsíþróttadeildar Umf. Kötlu verður haldinn  
**fimmtudaginn 7. september kl: 20.30 í Kötlusetri.**

Dagskrá fundarins er:

Sumarið 2017.

Vetraræfingar 2017-2018

Störf þjálfara.

Gautaborgarleikar 2018.

Allir foreldrar og eldri iðkendur hvattir til að koma. Þeir sem hafa ekki komið nálægt frjálsíþróttastarfi Umf. Kötlu áður en hafa áhuga á að byrja eru einnig hvattir til að koma.

Ef þörf er á meiri upplýsingum má nálgast þær í síma 841 0199

Stjórn Umf. Kötlu.



Hlógu þau á heiði

Kyrrlátur blær á heiði hrærir  
hrímsilfurstrá og fífu dána,  
hvíslar í víði, bliknuð bærir  
blómin við ána.

Blásköruð áin, blærinn stillti,  
blómin og stráin hug vorn túlka:  
Eitt sinn gekk hér með ungum pilti  
örlagastúlka.

*Ólafur Jóhann Sigurðsson*

Flókar á himni, hljótt á jörðu,  
haustleg úr vestri nálgast gríma.  
Leikur þó skin um lága vörðu  
liðinna tíma.

## Félag eldri borgara í Mýrdal

# SAMHERJAR

kynna félagsstarfið veturinn 2017 - 2018

Vetrarstarfið hefst með SAMVERU mánudaginn 4. september kl. 13:00 og verður með svipuðu sniði og undanfarin ár.

- " Samvera í Leikskálum á mánudögum og miðvikudögum
- " Íþróttahús og sundlaug eru opin eldri borgurum á þriðjudögum og fimmtudögum eins og áður
- " Mánaðarlegir félags-/skemmtifundir **fyrsta fimmtudag í mánuði** (október - maí) **athugið breyttan fundardag**. Fyrsti félagsfundurinn verður fimmtudaginn 5. október kl. 15:00 í Leikskálum. Fundirnir eru alltaf auglýstir í Vitanum.
- " Leikfimi í Leikskálum á miðvikudögum kl. 13:00.  
Kennari: Steinunn Pálsdóttir
- " Kóræfing í Leikskálum á miðvikudögum kl. 15:00.  
Kórstjóri: Anna Björnsdóttir

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
Kl.13:00 - 14:30 SAMVERA	Kl.10:30 – 12:00 Íþróttasalur sundlaug heitur pottur	Kl.13:00 - 13:30 LEIKFIMI	Kl.10:00 – 12:00 Íþróttasalur sundlaug heitur pottur	
	Kl. 15:00 -15:45 KÓRÆFING			
	Ath. Æfingartími gæti breyst ef kórfélagar vilja			

### Fyrsti fimmtudagur í mánuði

- Félags- og skemmtifundur
- Kaffi og meðlæti

Hvetjum nýja félagi 60 ára og eldri til að koma til liðs við okkar skemmtilega félagskap. Kórinn tekur hverjum nýjum félagi fagnandi. Hittumst heil...

Sjórnin